

## AUGLÝSING

### um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

**1. Umferð:**

Á Hlíðarbraut er umferð heimil í báðar áttir.

**2. Bifreiðastöður:**

Bifreiðastöður eru bannaðar á um 20 m kafla á Hlíðarbraut gegnt Holtsgötu.

Með auglýsingu þessari eru felld úr gildi ákvæði auglýsingar um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði frá 30. okt. 1978 hvað Hlíðarbraut snertir.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 10. mars, 1980.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 5. mars 1980.*

**Einar Ingimundarson.**

## REGLUGERÐ

### um heimilisþjónustu í Miðneshreppi.

**1. gr.**

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum sveitarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

**2. gr.**

Heimilisþjónusta felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

**3. gr.**

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.